

## 1. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn á Hreppskrifstofu Hrunamannahrepps á Flúðum 5. júlí 2018 kl. 16:00

### Fundarboð: Verslunarmannahelgin 2018.

Á fundinn mættu: Rúnar Gujónsson og Birgir Guðjónsson frá Tjaldsvæðinu á Flúðum, Rannveig Brynja Sverrisdóttir frá Lögreglunni í Árnessýslu, Sigrún Guðlaugsdóttir frá Félagsheimili Hrunamanna, Sigurður Sigurjónsson varaoddviti Hrunamannahrepps, Borgþór Vignisson frá Björgunarfélaginu Eyvindi, Sigurjón Snær Jónsson formaður atv., ferða- og menningarnefndar, Hannibal Kjartansson starfsmaður Hitaveitu Flúða og Benedikt Theodórsson (Bessi) viðburðarstjóri var með í gegnum síma.

Jón setti fundinn og hringdi í Bessa.

Jón rifjar upp síðasta fund og biður Bessa um léttu skýrslu á því sem hann hefur gert síðan á síðasta fundi. Bessi segist ekki vera búinn að vinna sérstaklega í aukinni gæslu en að hann sé búinn að vinna í auglýsingum og kynningarefni þar sem hann auglýsir sérstaklega aukna gæslu á svæðinu og að unglingatjaldsvæði verði ekki í boði.

Traktorstorfæran er á dagskrá. Ferlið er komið undir AKÍS. Bessi hefur í samvinnu við Tryggva og Þránd hjá AKÍS sett upp regluverk fyrir keppnina. Traktorarnir verða ekki skráðir sem ökutæki heldur fá þeir keppnistækjaskráningu hjá AKÍS og eiga að fá tryggingar í samræmi við það. Bessi hefur ekki rætt við Björgunarfélagið Eyvind varðandi gæslu, en hann gerði ráð fyrir að fá aðstoð þaðan. Borgþór segist ekki geta staðfest aðkomu Eyvindar að svo stöddu. Hver keppandi í traktorstorfærunni verður að leggja til einn brautarstarfsmann sem verður merktur með skæru vesti.

Matur. Á staðnum verða nokkrir aðilar og vagnar að selja veitingar. Asískur matur í tjaldi, pylsuvagn, vefjuvagn og fleira.

Dagskráin hefur í grófum dráttum ekki breyst frá síðasta fundi. Heimilistónar koma ekki en Bubbi Morthens mun líklega koma í staðinn. Bessi vill að sveitin auglýsi á síðunni að aðilar í heimasveit geti komið á laugardeginum og verið með sölubása.

Brynja spyr út í gæslu í félagsheimilinu. Bessi segir að í fyrra hafi um 10 manns verið í gæslu í félagsheimilinu. Hægt var að draga úr því á fös- og sun-kvöldinu. Bessi gerir ráð fyrir því að sami hópur verði til starfa núna í ár.

Brynja spyr út í gæslu á tjaldsvæðinu. Birgir segir að á næturnar verði um 6 manns og að tjaldsvæðið verði ekki stærra núna í ár en í fyrra. Brynja segir að hún vilji sjá 10 manns á tjaldsvæðinu í gæslu frá 22:00 á kvöldin og til 7:00 eða 8:00 um morguninn og sérstaklega aðfararnótt laugardags og sunnudags. Birgir vekur þó athygli á að núna í ár verði ekki unglingatjaldsvæði og það verði um allt að 500 manns færri á tjaldsvæðinu núna í ár. Brynja segir að gæslu hafi verið ábótavant á tjaldsvæðinu síðustu tvö ár og að fólkið sem þarf í starfi sé yfir 20 ára aldri. Birgir segir að það sé verið að vinna í endurbótum á tjaldsvæðinu en skortur á verktökum sé að hægja á því ferli. Bæta á salernisaðstöðuna sem og rafmagnsmál en sveitin mun koma á mótis við tjaldsvæðið með því að borga auka ferðasalerni líkt og í fyrra. Birgir segist ekki vilja bera ábyrgð á varðeldinum núna í ár. Hannibal ætlar að heyra í Jóhanni Marels í slökkviliðinu með það.

Sigrún segist vera að mestu búin að manna starfsfólk í félagsheimilið. Ákveðið hefur verið að selja engar veitingar í félagsheimilinu í gleri. Það á að athuga hvort Vínbúðin geti fylgt því fordæmi um þessa helgi. Það er þó talið erfitt.

Jón spyr Borgþór hvort að Eyvindur sinni sínu starfi skv. samningi milli sveitarinnar og björgunarfélagsins. Borgþór segir að það sé mannað. Borgþór bendir á að björgunarfélagið verði að vera tilbúið í útköll þessa helgi.

Bessi leggur til að á svæðinu verði allir gæsluhópar með talstöðvar.

Brynja segir að nústarfandi sýslumaður og lögreglustjóri séu alveg á mörkunum að veita leyfi fyrir þessari hátíð vegna gefinnar reynslu síðustu tvö ár. Brynja segir að lögreglan muni vera með aukna gæslu þessa helgi frá fyrri ári og þar á meðal með lögreglumenn á fæti.

Rædd er hugmyndin að tæta lóðina hjá Úlfari Harðarsyni, þar sem unglingatjaldsvæðið var fyrri ár, til þess að koma í veg fyrir að fólk tjaldi þar. Úlfar á vísit að hafa haft það á orði sjálfur að það kæmi alveg til greina.

Ákveðið er að reyna að ræða skipulagið í minni hópum til þess að klára lokafrágang.

Í lok fundar skiptast aðilar á samskiptaupplýsingum.

Jón endar svo á því að slíta fundi kl 16:58.